

4. desember 2001

174. fundur samkeppnisráðs

Ákvörðun nr. 36/2001

**Erindi Hringrásar ehf. vegna samnings
Sorpu bs. við Furu ehf. um móttöku á brotamálmi**

I.

Erindið og málsmeðferð

1.

Samkeppnisstofnun barst erindi, dags. 20. mars 2001, frá Hringrás ehf. ásamt fylgigögnum. Í erindinu er óskað eftir því að stofnunin taki til athugunar samning, dags. 28. janúar 1993, sem Sorpeyðing höfuðborgarsvæðisins bs. (hér eftir nefnd Sorpa) hafi gert við Furu ehf. án undangengins útboðs um móttöku á öllum brotamálmi sem til falli hjá Sorpu. Í erindinu er sérstaklega vísað til 1. mgr. 1. tl. samningsins en þar segi að Sorpa tryggi Furu allt endurvinnanlegt járn og aðra málma sem til hennar berist í móttökustöð og á gámastöðvar Sorpu, þ.á m. bílflök. Samkvæmt samningnum muni Sorpa einnig beina því til þeirra sveitarfélaga, sem aðild eigi að Sorpu, að brotajárn sem þau hafi afskipti af en ekki berist til fyrirtækisins verði einnig sett í vinnslu hjá Furu hf. Í 3. gr. samningsins segi að þetta sé gert Sorpu að kostnaðarlausu og í 5. gr. hans komi fram að Sorpa muni greiða allan flutningskostnað.

Þá segir í erindinu að á höfuðborgarsvæðinu séu starfandi tvö fyrirtæki sem sinni söfnun og vinnslu á brotajárni, þ.e. Hringrás og Fura. Fyrirtækin þurfi almennt að borga fyrir brotamálm sem til falli hjá fyrirtækjum en um slíkt sé hins vegar ekki að ræða um þann málm sem Sorpa afhendi Furu. Bent er á að árið 2000 hafi Sorpa flutt u.þ.b. 5.500 tonn af málm til Furu og sé miðað við heimsmarkaðsverð á brotamálmi megi ætla að verðmæti þess magns sé á bilinu 40–80 milljónir króna, breytilegt eftir málmtegundum. Kostnaður vegna gámaflutninga (u.þ.b. 2.700–3.000 ferðir á ári) sem Sorpa bjóði Furu endurgjaldslaust megi ætla að sé um 13,5–15 milljónir króna.

Ennfremur segir í erindinu að vegna þeirrar yfirburðastöðu sem samningurinn veiti Furu hafi fyrirtækið getað yfirboðið Hringrás við kaup á brotamálmi annars staðar frá og að auki útilokað Hringrás við öflun á málm sem til falli hjá sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu.

Í ljósi framanritaðs er í erindinu óskað eftir álitum samkeppnisráðs á eftirfarandi atriðum:

1. Hvort Sorpu, sem sé í eigu sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, sé heimilt að gera einhliða samning um afhendingu málma án þess að útboð hafi farið fram.
2. Hvort það sé eðlilegt að aðilar á óskyldum samkeppnismarkaði gefi yfirlýsingu um að þeir sjái um vinnslu brotajárns ef Fura geti ekki séð um vinnsluna, sbr. 2. mgr. yfirlýsingar frá Búnaðarbankanum og Iðnþróunarsjóði, til að samningurinn nái í gegn. [Sbr. fylgiskjal nr. 2 sem fylgdi erindinu og getið eru um hér á eftir.]
3. Hvort möguleiki sé á að fá samningnum rift á grundvelli samkeppnislaga.
4. Með tilliti til þess mismunar sem verið hafi á samkeppnismarkaði frá því að samningurinn hafi verið gerður og þess tjóns sem hann hafi haft í för með sér fyrir Hringrás er þeirri spurningu varpað fram í erindinu hvort möguleiki sé að krefjast skaðabóta frá samningsaðilum.

Erindi Hringrásar fylgdu eftirfarandi gögn:

1. Afrit af umræddum samningi á milli Furu og Sorpu frá 28. janúar 1993.
2. Yfirlýsing frá Búnaðarbanka Íslands og Iðnþróunarsjóði frá 25. janúar 1992 en þar segir:

„Á lóðinni nr. 4–6 við Markhelli í Hafnarfirði eru nú um 30 þús. tonn af brotamálmi (þ.m.t. bilflök), sem Búnaðarbanki Íslands og Iðnþróunarsjóður eru eigendur að, en hyggjast selja Furu h.f. með það að markmiði m.a., að Fura h.f. tæti brotamálminn í járntætara, sem Fura h.f. hyggst festa kaup á í því skyni. Jafnframt er ráð fyrir því gert, að samningar takist á milli Furu h.f. og Sorpeyðingarstöðvar höfuðborgarsvæðisins bs. um afhendingu brotamálms til endurvinnslu hjá Furu h.f.

Komi til þess að samningur Furu h.f. og Sorpeyðingarstöðvar höfuðborgarsvæðisins bs. um afhendingu brotamálms falli úr gildi af ástæðum, sem greinir í 11. grein samningsins, lýsa Búnaðarbanki Íslands og Iðnþróunarsjóður því hér með yfir, að þeir ábyrjast gagnvart Sorpeyðingarstöð höfuðborgarsvæðisins bs. eyðingu eða brottflutning allt að 30 þús. tonna af brotamálmi af lóðinni nr. 4–6 við Markhelli.

Búnaðarbanki Íslands hefur samþykkt að veita rekstrar- og afurðalán til Furu h.f. til vinnslu á ca. 30 þús. tonnum af brotamálmi. Lánveitingin er samþykkt með hliðsjón af efnahag fyrirtæksins og hafa fullnægjandi tryggingar verið boðnar fyrir væntanlegum lánum. Rekstrar- og greiðsluáætlun miðast við að vinnslu á umræddum ca. 30 þús. tonnum verði lokið á 12–14 mánuðum.“

3. „Stuðlum að vistvænni framleiðslu. – Málmur og timbur til endurnýtingar.“
Blaðagrein úr Morgunblaðinu, dags. 15. mars 2001, eftir Rögnu Halldórsdóttur og Sif Svavarsdóttur.

2.

Samkeppnisstofnun sendi erindi Hringrásar til Sorpu með bréfi, dags. 25. maí 2001, þar sem óskað var eftir umsögn og athugasemdum Sorpu við erindið. Stofnuninni bárust athugasemdir Sorpu ásamt fylgigögnum þann 7. júní 2001.

Í svarinu segir að aðstæður á þeim tíma sem Sorpa hafi gert umræddan samning við Furu hafi verið all sérstakar. Áður hafi verið í gildi samningur Sorpu við Íslenska Stálfélagið hf. (Hér eftir nefnt Stálfélagið) frá 28. nóvember 1988 um móttöku og eyðingu alls málms sem til félli á höfuðborgarsvæðinu. Stálfélagið hafi orðið gjaldþrota í nóvember 1991 en skiptastjóri þrotabús fyrirtækisins hafi þó viðhaldið samningsskyldum áfram við Sorpu. Stjórn Sorpu hefði haft áhyggjur af hvert stefndi í móttöku á brotamálmi á þessum tíma því mikið magn hefði safnast fyrir á athafnasvæði Stálfélagsins og var talið líklegt að sveitarfélögin myndu þurfa að kosta endanlega förgun málmsins ef allt færi á versta veg.

Með svari Sorpu fylgdu bæði minnisblöð og afrit af bréfaskriftum frá því í upphafi ársins 1992 til þess tíma sem umræddur samningur við Furu var undirritaður í janúar 1993. Er það mat Sorpu að umrædd gögn skýri aðdragandann að samningnum við Furu en þau eru eftirfarandi:

Minnisblað framkvæmdastjóra Sorpu til stjórnar fyrirtækisins þar sem skýrt er frá viðræðum við Ásgeir Einarsson, Svein Ásgeirsson og Einar Gottskáلكsson f.h. Hringrásar og Harald Ólason f.h. Furu, dags. 14. janúar 1992.

Fundargerð vegna fundar framkvæmdastjóra Sorpu með Helga Jóhannessyni hdl., bústjóra þrotabús Stálfélagsins o.fl. aðila, dags. 16. mars 1992.

Bréf framkvæmdastjóra Sorpu, dags. 10. apríl 1992, til Baldurs Guðlaugssonar hrl. þar sem óskað var eftir lögfræðilegu álitu á stöðu Sorpu gagnvart þrotabúinu, m.t.t. samnings fyrirtækisins við Stálfélagið frá 28. nóvember 1988.

Álitsgerð Baldurs Guðlaugssonar hrl. og Kristjáns Þorbergssonar hdl. um þrotabú Stálfélagsins, dags. 30. apríl 1992.

Minnisblað framkvæmdastjóra Sorpu, dags. 20. október 1992, til stjórnar fyrirtækisins um eyðingu málma. Þar komi fram að Hringrás hafi ákveðið að hætta starfsemi og segja upp öllum starfsmönnum sínum frá og með áramótunum 1992/1993 ef ekki náist samningar við Sorpu. Slíkur samningur yrði að tryggja Hringrás greiðslu sem næmi um 3.300 krónur fyrir tonnið af mótteknu brotajárni.

Bréf Búnaðarbanka Íslands og Iðnþróunarsjóðs, dags. 6. nóvember 1992, til framkvæmdastjóra Sorpu þar sem tilkynnt er um kaup þeirra á þrotabúi Stálfélagsins.

Bréf Sorpu, dags. 16. desember 1992, til Iðnþróunarsjóðs vegna óvissuástands um framvindu málsins.

Bréf Búnaðarbanka Íslands og Iðnþróunarsjóðs, dags. 23. desember 1992, til framkvæmdastjóra Sorpu þar sem mælt er til þess að sá samningsréttur sem þrotabúið hefði öðlast færist til Furu.

Þá segir í svarinu að framangreindar tilvitnanir í bréf og minnisblöð séu vafalítið ekki tæmandi yfir það sem til sé varðandi málið en gefi samt sem áður yfirlit yfir aðdraganda samningsins sem gerður var við Furu þann 23. janúar 1993 (sic.). Með samningnum hafi verið tryggt að sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu bæru ekki skaða af gjaldþroti Stálfélagsins. Það sé mat Sorpu að við umfjöllun um erindi Hringrásar verði ekki komist hjá því að taka mið af þeim forsendum sem legið hafi að baki samningsgerðinni.

3.

Samkeppnisstofnun sendi svar Sorpu ásamt fylgigögnum til Hringrásar með bréfi, dags. 18. júní 2001, þar sem óskað var eftir umsögn og athugasemdum fyrirtækisins. Svar frá Hringrás barst stofnuninni þann 29. júní 2001. Í svarinu segir að svo megi skilja af svari Sorpu að fyrirtækinu hafi verið nauðugur einn kostur að ganga til samninga við Furu á sínum tíma vegna þess hve sérstæðar aðstæður hafi verið vegna fyrri samnings við Stálfélagið. Við þessar skýringar vilji Hringrás gera eftirfarandi athugasemdir:

1. Það að samningur hafi verið gerður við Stálfélagið um móttöku á öllu brotajárni á höfuðborgarsvæðinu, og umfjöllun um rétt til riftunar samnings við þrotabúið, hafi ekkert með samning Sorpu við Furu að gera, þar sem um sé að ræða óskyldan lögaðila.
2. Eins og sjá megi af svari Sorpu hafi ekki átt sér stað neitt útboð vegna móttöku og endurvinnslu brotajárns, hvorki þegar gengið hafi verið til samninga við Furu né þegar samningurinn við Stálfélagið hafi verið gerður. Þó hefði Hringrás (áður brotajárnvinnsla Sindra-Stáls hf. til 1989) verið starfrækt í nærri 40 ár þegar samningurinn við Furu hafi verið undirritaður. Fura hafi hins vegar verið nýtt fyrirtæki á sviði brotajárnsvinnslu á þessum tíma.
3. Þá er vísað til minnisblaða sem fylgdu umsögn Sorpu þar sem fram komi að lauslegar viðræður hafi verið við Hringrás þar sem lýst sé mögulegum leiðum til að leysa úr þeim vanda er skapast hafi við gjaldþrot Stálfélagsins. Athygli veki hins vegar að í einu minnisblaðanna komi fram að fulltrúar Hringrásar hafi verið beðnir um að bíða með viðræður þar til uppboð Stálfélagsins væri um garð gengið. En í kjölfar þessara tilmæla hafi verið gengið til samninga við Furu án þess að Hringrás fengi tækifæri til að bjóða í móttöku á því efni sem til félli hjá Sorpu.

4. Þá er einnig vísað til bréfs frá Búnaðarbankanum og Iðnþróunarsjóði til Sorpu (sem fylgdi svari Sorpu) frá því í september 1992 þar sem m.a. segi: „Í samræmi við ofanritað eru það því tilmæli Búnaðarbanka Íslands og Iðnþróunarsjóðs, að sá réttur til samnings við Sorpu, sem þrotabúið hafði öðlast, færist til Furu h.f., ef áðurnefndur kaupsamningur við eigendur brotajárnsins tekur gildi.“ Að mati Hringrásar hafi Búnaðarbankinn og Iðnþróunarsjóður hlutast til um skyldur Sorpu til að bjóða út endurvinnslu á brotajárni.
5. Frá því að Sorpa gerði samninginn við Furu séu liðin rúmlega átta ár sem þýði að Fura hafi haft einokunarstöðu hvað varði móttöku á brotajárni frá öllu höfuðborgarsvæðinu þann tíma. Allan tímann hafi Hringrás þurft að reka mikla varnarbaráttu og þó svo að fullyrðingar um að Hringrás myndi hætta starfsemi, sbr. minnisblað Sorpu frá 30. október 1992, ef ekki næðust samningar við Sorpu, séu eitthvað rangtúlkaðar þá undirstriki þær það mikilvægi sem þessi samningur hefði haft fyrir starfsemi Hringrásar.

Í stuttu máli sagt þá undirstriki svar Sorpu enn frekar grunsemdir Hringrásar um að fyrirtækið hafi vísvitandi verið sniðgengið þegar samningaumleitanir hafi átt sér stað vegna þrýstings frá Búnaðarbankanum og Iðnþróunarsjóði. Einnig sé ljóst að ekki hafi verið um neitt útboð að ræða, svo enginn hafi haft tækifæri á að bjóða í þennan verkhluta, heldur hafi verið gengið beint til samninga við Furu.

Þá sé ítrekað að um gríðarleg verðmæti sé að ræða þar sem Fura hafi fengið brotajárnið frítt frá Sorpu á meðan önnur fyrirtæki, s.s. gámaþjónustur og aðrir efnisinnleggjendur fái greitt fyrir það brotajárn sem þeir komi með, sem vissulega hafi áhrif á samkeppnisstöðu fyrirtækjanna. Ætla megi að á samningstímanum hafi Fura fengið brotajárn að andvirði 500–1.000 milljónir króna sem að auki hafi kostað Sorpu á bilinu 100–150 milljónir króna í akstri án þess að fyrirtækið hafi fengið endurgjald fyrir.

Að lokum segir í svarinu að Hringrás vilji undirstrika þá fjóra liði sem fólust í upphaflegu erindi fyrirtækisins til Samkeppnisstofnunar sem það telji fulla ástæðu til að ítreka, í ljósi þeirra gagna sem Sorpa hafi látið af hendi.

4.

Samkeppnisstofnun sendi athugasemdir Hringrásar til Sorpu með bréfi, dags. 27. júlí 2001. Með bréfinu var Sorpu gefinn kostur á að koma að athugasemdum við svar Hringrásar auk þess sem stofnunin óskaði eftir upplýsingum frá Sorpu um umfang þess magns af úrgangsmálum og brotajárni sem Sorpa afhenti Furu, annars vegar fyrir árið 1999 og hins vegar 2000. Þá var einnig óskað eftir upplýsingum um kostnað Sorpu við að safna og koma úrgangsmálmi og brotajárni til Furu á sama tímabil.

Athugasemdir ásamt umbeðnum upplýsingum bárust frá Sorpu með bréfi, dags. 17. september 2001. Þar segir að í fyrri umsögn Sorpu um samning fyrirtækisins við Furu frá því í janúar 1993 sé aðeins verið að lýsa því umhverfi sem hafi verið ríkjandi þegar sá samningur var gerður.

Hvað varði fullyrðingu Hringrásar um verðmæti þess brotamálms sem Sorpa hafi flutt til Furu geti Sorpa ekki dæmt um en veki athygli á því að fyrirtækinu sé ekki kunnugt um að sveitarfélög greiði fyrir óflokkaða brotamálma þó svo að eftir því hafi verið leitað með almennum samkeppnisútboðum. Það muni hins vegar koma í ljós á næsta ári því þá muni Sorpa leita eftir slíku með almennu útboði því gildandi samningi við Furu verið að sjálfsögðu sagt upp með 12 mánaða fyrirvara í samræmi við ákvæði 7. gr. samningsins. Nýr samningur muni því taka gildi frá og með 1. janúar 2003.

Þá segir í svarinu að móttaka á brotamálmi fari fram á átta stöðum á höfuðborgarsvæðinu og það sé mat Sorpu að hefði móttaka þeirra öll verið hjá Hringrás þá hefði heildarkostnaður Sorpu orðið mjög áþekkur því sem hann raunverulega hafi verið. Mesta hagkvæmnin fyrir Sorpu fælist í því að nota báðar móttökustöðvarnar.

5.

Samkeppnisstofnun sendi Hringrás bréf, dags. 15. október 2001, þar sem óskað var eftir afriti af ársreikningum fyrirtækisins fyrir árin 1999 og 2000 auk þess sem beðið var um að tekjur væru sundurliðaðar eftir því hvort þær væru vegna sölu á unnum brotamálmi eða öðru. Umbeðnar upplýsingar bárust Samkeppnisstofnun með bréfi, dags. 19. október 2001.

6.

Samkeppnisstofnun sendi Furu gögn málsins með bréfi, dags. 15. október 2001, þar sem fyrirtækinu var gefinn kostur á að koma að athugasemdum við það. Einnig var óskað eftir sambærilegum upplýsingum og frá Hringrás um sundurliðun á tekjum. Þá var beðið um sundurliðun á því magni af brotamálmi sem bærisk fyrirtækinu, annars vegar því sem kæmi frá Sorpu og hins vegar öðrum aðilum á sama árabili.

Athugasemdir ásamt umbeðnum upplýsingum bárust frá Lárusi L. Blöndal hrl. f.h. Furu með bréfi dags. 12. nóvember 2001. Í svarinu segir að umræddur samningur Sorpu og Furu frá 1993 hafi verið samhljóða þeim samningi sem Sorpa hafi gert við Stálfélagið í október 1988. Eftir gjaldþrot Stálfélagsins í árslok 1991 hafi Búnaðarbanki Íslands og Iðnþróunarsjóður ákveðið að halda brotajárnsmóttökunni áfram til að efna og halda í gildi samningnum við Sorpu og væntanlega einnig til að tryggja verksmiðjunni nægjanlegt hráefni fyrir hugsanlegan kaupanda. Eftir að hafa starfrækt móttökuna á annað ár með miklum tilkostnaði án þess að verksmiðjan seldist hafi þeir viljað leita leiða til að koma rekstrinum frá sér. Í ljósi þess að

Búnaðarbankinn og Iðnþróunarsjóður hefðu talið sig hafa efnt samning Sorpu og Stálfélagsins hafi það verið mat þeirra að þeir hefðu nokkuð um það að segja hver tæki við honum enda gæti það skipt máli um mögulega sölu verksmiðjunnar. Rétt sé að hafa í huga í þessu sambandi að Búnaðarbankinn og Iðnþróunarsjóður hafi borið ábyrgð á um 30.000 tonnum af brotajárni í þeirra eigu sem safnast hefði fyrir á athafnasvæði Stálfélagsins.

Á þessum tíma hafi Fura og Hringrás átt í viðræðum við Búnaðarbankann og Iðnþróunarsjóð annars vegar og Sorpu hins vegar um málið. Ástæða þess að samið hafi verið við Furu sé sú að Hringrás hafi ekki viljað taka við brotajárninu nema verulegar fjárgreiðslur kæmu til. Tilboð Furu hefði hins vegar falist í því að annast móttöku á án þess að fyrirtækinu væri greitt sérstaklega fyrir. Að öllu jöfnu ætti ekki að vera erfitt að ákveða hvor kosturinn væri hagkvæmari. Hringrás hafi samt sem áður haldið því fram að ekki væri rekstrargrundvöllur fyrir því að taka á móti brotajárni án þess að fá greiðslu fyrir og því væri engin framtíðarlausn fólgin í því að semja við Furu. Að mati Furu skjóti því skökku við að Hringrás skuli koma fram mörgum árum síðar og halda því fram að vegna samningsins hafi Fura yfirburðarstöðu á markaðnum.

Þá segir í athugasemdunum að brotajárnið sem berist Furu frá Sorpu sé eingöngu það sem komið sé með á gámasstöðvar Sorpu og þá fyrst og fremst frá einstaklingum. Mestur hluti þess brotajárns sem til falli á höfuðborgarsvæðinu sé því utan samningsins. Hringrás hafi hins vegar samið við sveitarfélög eins og Akureyrarbæ, Sauðárkrók og Ísafjarðarkaupstað án útboðs eða verðkönnunar sem tryggi þeim allt það brotajárn sem til falli innan sveitarfélaganna, þ.e. bæði frá fyrirtækjum og einstaklingum. Um verulegt magn sé að ræða en ætla megi að frá Akureyri fái Hringrás a.m.k. 3.000 tonn á ári. Samkvæmt þessum samningum fái Hringrás auk brotajárnsins ákveðna þóknun sem líklega sé nálægt 3.000 krónum fyrir hvert tonn. Brotajárninu sé skipað beint út frá þessum stöðum og selt til erlendra kaupenda.

Fura hafnar því að vegna samningsins við Sorpu geti fyrirtækið yfirboðið Hringrás við kaup á brotajárni. Þá kannist Fura ekki við að þurfa að greiða fyrir brotajárn. Greitt sé fyrir góðmálma eins og kopar, ál o.fl. en ekki fyrir venjulegt brotajárn. Fura hafi hins vegar greitt flutningsaðilum eins og gámafyrirtækjum lítilsháttar þóknun fyrir flutning með sama hætti og Hringrás. Þetta eigi samt ekki við nema um lítinn hluta af því brotajárni sem berist til Furu. Í þessu sambandi vilji Fura taka fram að margt geti haft áhrif á hvert farið sé með brotajárn. Móttökuaðstaða og afgreiðslutími skipti máli en hjá Furu sé opið allan sólarhringinn og þar sé aðstaða til fyrirmyndar.

Loks segir í athugasemdunum að aðalatriði þessa máls sé að eðlilega hafi verið staðið að samningum við Furu af hálfu Sorpu og í samræmi við góða viðskiptahætti. Sérstaklega beri að horfa til þess að Búnaðarbankinn og Iðnþróunarsjóður hafi lagt í

verulegan kostnað við að efna samninginn sem Stálfélagið gerði við Sorpu og haldið honum í gildi. Þegar samningurinn við Furu hafi verið gerður hafi um 30.000 tonn af brotajárni verið á lóð Stálfélagsins á þeirra ábyrgð. Miðað við það verð sem Hringrás hafi viljað fá greitt fyrir járneð hefði það kostað 100 milljónir króna að fjarlægja brotajárnið á verðlagi þess tíma. Búnaðarbankinn og Iðnþróunarsjóður hafi því haft verulega hagsmuni af því að Fura yfirtæki brotajárnsvinnslu þrotabús Stálfélagsins með þeim samningum sem henni fylgdu. Sorpa hefði haft nákvæmlega sömu hagsmuni þar sem ljóst hafi verið að ef gerður væri samningur við Hringrás hefði það haft í för með sér mun meiri kostnað.

7.

Samkeppnisstofnun sendi svar Furu til Hringrásar með bréfi, dags. 16. nóvember 2001, þar sem fyrirtækinu var gefinn kostur á að koma að athugasemdum við það. Þar sem fram kom í athugasemdum Furu að á milli Hringrásar og nokkurra sveitafélaga á landsbyggðinni væru í gildi samningar um móttöku á brotajárni óskaði Samkeppnisstofnun eftir afriti af slíkum samningum ef þeir væru fyrir hendi eða lýsingu á þeim væru þeir ekki skriflegir. Sorpu var einnig sent svar Furu til upplýsinga með bréfi, dags. 16. nóvember 2001.

Athugasemdir bárust frá Hringrás með bréfi, dags. 21. nóvember 2001, ásamt umbeðnum gögnum. Vísað er til þess að fram komi í samningnum að Sorpa beini því til aðildarsveitarfélaga að allt það brotajárn sem þau hafi afskipti af og ekki berist til Sorpu verði sent til Furu. Þetta sé í andstöðu við það sem fram komi í bréfi Furu um að mestur hluti þess brotajárns sem til falli á höfuðborgarsvæðinu sé utan samningsins. Hér hafi aðeins verið fjallað um brotajárn sem berist til gámastöðvar Sorpu en ótalið sé annað brotajárn sem til falli hjá aðildarsveitarfélögunum og fari einnig til Furu samkvæmt samningum. Erfitt sé að ætla hvað það sé mikið en engu að síður útiloki samningurinn að Hringrás fái brotajárn á höfuðborgarsvæðinu sé það í eigu sveitarfélaga.

Um samninga sem Hringrás hafi gert við sveitarfélög á landsbyggðinni um móttöku á brotajárni segir að þeir gangi ekki út á að fyrirtækið fái brotajárnið afhent frítt inn á vinnslusvæði sitt eins og samningur Sorpu og Furu kveði á um. Samkvæmt samningunum fái Hringrás greitt fyrir vöktun, viðhald, vinnslu og flutning á brotajárni frá sveitarfélögunum. Í þessu sambandi er þess getið að Hringrás hafi keypt færanlega endurvinnslustöð fyrir brotajárn sem flutt sé á milli sveitarfélaga ásamt öðrum vinnuvélum. Það hafi haft í för með sér mikinn sparnað fyrir sveitarfélögin að nýta sér þessa þjónustu Hringrásar. Kostnaður Hringrásar við að veita þjónustuna, s.s. vegna flutninga, starfsmannahalds o.fl. sé þó nokkuð hærri en sú þóknun sem fyrirtækið fái frá sveitarfélögunum en það er mat fyrirtæksins að kostnaður þess við öflun á hverju tonni af brotajárni eftir að tekið hafi verið tillit til greiðslna frá sveitarfélögunum nemi um 500–1.000 krónum. Sú upphæð sé svipuð því sem Hringrás greiði

gámafyrirtækjum og/eða sveitarfélögum fyrir að koma með brotajárn á vinnslusvæði fyrirtækisins í Reykjavík.

8.

Samkeppnisstofnun sendi svar Hringrásar til Furu og Sorpu með bréfum, dags. 21. nóvember 2001, þar sem fyrirtækjunum var gefinn kostur á að koma að athugasemdum við það.

Svar barst frá Furu, dags. 26. nóvember 2001. Í því segir að sjónarmið Hringrásar um að ekki hafi verið efnt til útboðs um samning Furu og Sorpu hafi enga þýðingu í málinu því fyrir liggja að Hringrás hafi hafnað því að gera samning af því tagi sem Fura síðar gerði. Um það sé ekki deilt. Sú könnun sem Sorpa hafi gert áður en gengið hafi verið til samninga við Furu verði að teljast fullnægjandi í ljósi þess að ekki hafi verið öðrum aðilum til að dreifa en Furu og Hringrás sem gætu tekið verkefnið að sér.

Fura hafnar því að fyrirtækið fái verulegt magn af brotajárni beint frá aðildarsveitarfélögum Sorpu. Í þessu sambandi er vísað til yfirlits sem fylgdi svarinu sem sýnir móttækið magn af brotajárni frá aðildarsveitarfélögunum fyrir árin 1999 og 2000.

Þá segir að Hringrás beri því við að samkvæmt samningum fyrirtækisins við sveitarfélög fái það brotajárnið ekki inn á vinnslusvæði sitt og hafi því af því meiri kostnað en ella. Í þessu samhengi sé rétt að hafa í huga að sveitarfélögin safni brotajárninu og þegar það sé nægjanlega mikið komi Hringrás og vinni járníð, skipi því út og selji það án þess að það komi inn á vinnslusvæði Hringrásar. Það er því mat Furu að viðbótarkostnaðurinn sé óverulegur fyrir Hringrás.

Svar barst frá Sorpu, dags. 23. nóvember 2001, þar sem fram kom að umræddum samningi við Furu hefði verið sagt upp með samningsbundnum fyrirvara. Afrit af bréfi Sorpu til Furu, dags. 20. nóvember 2001, þess efnis fylgdi svarinu.

II.

Niðurstöður

Á fundi samkeppnisráðs, þann 4. desember 2001, var ákvörðun tekin í máli þessu. Þátt í fundinum tóku Atli Freyr Guðmundsson, Karitas Pálsdóttir, Ólafur Björnsson, Sigurbjörn Magnússon og Þórólfur Matthíasson.

1.

Í máli þessu kvartar Hringrás yfir samningi sem Sorpa og Fura gerðu með sér í ársbyrjun 1993 án undangengins útboðs um að Fura myndi annast móttöku á öllum

brotamálmum sem til félli hjá Sorpu. Samningurinn kveði einnig á um að þetta sé gert Sorpu að kostnaðarlausu auk þess sem fyrirtækið greiði allan flutningskostnað. Þá kemur fram í máli Hringrásar að tvö fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu starfi við söfnun og vinnslu brotajárns, þ.e. Hringrás og Fura. Er það mat Hringrásar að samningurinn veiti Furu yfirburðarstöðu á þeim markaði sem fyrirtækin starfi á. Fura geti t.a.m. nýtt sér samninginn til að yfirbjóða Hringrás við kaup á brotamálmi annars staðar auk þess sem samningurinn útiloki Hringrás frá öflun á málmum sem til falli hjá sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu. Þá finnst kvartanda óeðlilegt að aðilar á óskyldum samkeppnismarkaði, þ.e. Búnaðarbanki Íslands og Iðnþróunarsjóður skuli hlutast til um skyldur Sorpu til að bjóða út endurvinnslu á brotamálmi frá fyrirtækinu. Helstu kröfur kvartanda í málinu eru þær að tekin verði afstaða til þess hvort Sorpu hafi verið skylt að halda útboð áður en umræddur samningur hafi verið gerður og hvort hann eigi rétt á skaðabótum frá samningsaðilum vegna þess tjóns sem hann hafi orðið fyrir frá því samningurinn var gerður. Þá óskar kvartandi eftir því að fá úr því skorið hvort hægt sé að fá samningnum rift á grundvelli samkeppnislaga vegna þeirra samkeppnishindrana sem af honum leiði.

Í máli Sorpu kemur fram að sérstakar aðstæður hafi ríkt þegar umræddur samningur hafi verið gerður við Furu fyrir um átta árum. Áður hafi verið í gildi samningur við Stálfélagið sem gerður hafi verið í nóvember 1988 en gjaldþrot þess fyrirtækis í nóvember 1991 hefði leitt til mikillar óvissu um framhald á móttöku brotamálms frá Sorpu. Jafnvel hafi þótt fyrirséð að sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu þyrftu að bera kostnað við förgun þess brotamálms sem safnast hefði fyrir á athafnasvæði Stálfélagsins. Samningurinn við Furu hafi því í raun verið gerður til að tryggja að sveitarfélögin bæru ekki skaða af gjaldþroti Stálfélagsins, þ.e. kostnað vegna förgunar eða endurvinnslu á þeim málmum sem safnast hafði fyrir frá gjaldþroti fyrirtækisins. Í máli Sorpu kemur einnig fram að í viðræðum fyrirtækisins við Hringrás um hugsanlega móttöku fyrirtækisins á brotamálmi hafi komið fram að Hringrás myndi gera kröfu um greiðslur frá Sorpu fyrir slíka móttöku. Þá kemur einnig fram í máli Sorpu að fyrirtækinu sé ekki kunnugt um að sveitarfélög hér á landi greiði fyrir óflokkaða brotamálma þó svo að eftir því hafi verið leitað með almennum samkeppnisútboðum. Það muni hins vegar koma í ljós á næsta ári því þá muni Sorpa leita eftir slíku með almennu útboði því gildandi samningi við Furu hafi verið sagt upp með tólf mánaða fyrirvara og nýr samningur muni því taka gildi frá og með 1. janúar 2003.

Af hálfu Furu hefur komið fram að umræddur samningur sem fyrirtækið hafi gert við Sorpu á sínum tíma hafi verið samhljóða þeim samningi sem Sorpa hefði áður gert við Stálfélagið. Eftir gjaldþrot Stálfélagsins hafi Búnaðarbankinn og Iðnþróunarsjóður haldið móttöku á brotajárni áfram til að efna samningsskyldur við Sorpu auk þess að tryggja verksmiðjunni nægjanlegt hráefni þegar nýr kaupandi myndi finnast. Á þessum tíma hafi Búnaðarbankinn, Iðnþróunarsjóður og Sorpa bæði átt í viðræðum

við Furu og Hringrás um endurvinnslu á um 30.000 þúsund tonnum af brotajárni sem safnast höfðu fyrir frá gjaldþroti Stálfélagsins auk áframhaldandi móttöku á brotajárni frá Sorpu. Ástæða þess að samið hefði verið við Furu hafi verið sú að fyrirtækið hefði boðist til að taka við brotajárninu án þess að Sorpa þyrfti sérstaklega að greiða fyrir það. Hringrás hefði hins vegar farið fram á verulegar fjárgreiðslur fyrir sömu þjónustu. Sú könnun sem Sorpa hafi framkvæmt áður en samningurinn við Furu hafi verið gerður verði að teljast fullnægjandi í ljósi þess að öðrum aðilum hafi ekki verið til að dreifa en Furu og Hringrás sem gætu tekið verkefnið að sér. Er það því mat Furu að eðlilega hafi verið staðið að samningnum við Sorpu og í samræmi við góða viðskiptahætti. Þá vill Fura taka fram að það brotajárn sem fyrirtækið fái frá Sorpu sé nær eingöngu það sem berst á gámastöðvar á höfuðborgarsvæðinu frá einstaklingum. Stærstur hluti þess brotajárns sem falli til á höfuðborgarsvæðinu sé því utan samningsins við Sorpu. Þá bendir Fura á að Hringrás hafi einnig gert samninga við sveitarfélög um móttöku á brotajárni sem að auki feli það í sér að Hringrás fái greitt fyrir brotajárnið. Þá kemur fram í máli Furu að fyrirtækið greiði ekki fyrir brotajárn. Gámaþjónstum sé greidd lítilsháttar þóknun fyrir flutning auk þess sem greitt sé fyrir góðmálma eins og ál, kopar o.þ.h. Með vísan til þessa er það mat Furu að samningurinn við Sorpu sé ekki til þess fallinn að gera fyrirtækinu kleift að yfirbjóða Hringrás við kaup á brotamálmi annars staðar frá eða að hann veiti fyrirtækinu yfirburðarstöðu á markaðnum að öðru leyti.

2.

Eins og fyrr segir lúta kröfur kvartanda í máli þessu m.a. að því hvort Sorpu hefði verið skylt að viðhafa útboð áður en umræddur samningur var gerður við Furu. Í þessu sambandi vill samkeppnisráð taka fram að lög nr. 94/2001 um opinber innkaup (áður lög nr. 52/1987 um opinber innkaup) taka til samninga sem ríki, sveitarfélög, stofnanir þeirra og aðrir opinberir aðilar gera við bjóðendur um innkaup á vöru, þjónustu og verkum, sbr. 1. mgr. 3. gr. og 1. mgr. 4. gr. laganna. Í lögnum er einnig fjallað um þau úrræði sem aðilum eru tæk telji þeir að hið opinbera hafi ekki sinnt útboðsskyldu við gerð viðskiptasamninga við fyrirtæki. Ágreiningur sem tengist framkvæmd laga um opinber innkaup heyrir undir önnur stjórnvöld og/eða eftir atvikum dómstóla, sbr. og úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 25/1995, *Jöfur gegn samkeppnisráði*.

3.

Mál það sem hér er til umfjöllunar snýst að mati samkeppnisráðs um samkeppnisleg áhrif þess samnings sem Sorpa og Fura gerðu sín á milli í ársbyrjun 1993.

Í samningnum á milli Furu og Sorpu segir m.a. að Sorpa tryggi Furu allt endurvinnanlegt járn og aðra málma sem til hennar berast í móttökustöð og á gámastöðvar. Þá segir einnig í samningnum að Sorpa muni beina því til þeirra sveitarfélaga sem aðild eigi að fyrirtækinu að það brotajárn sem þau hafi afskipti af en

ekki berist til Sorpu verði einnig sett í vinnslu hjá Furu. Skuldbindingar Furu lúta hins vegar að því að taka við öllum brotamálmi af Sorpu. Sorpa, sem er byggðarsamlag sjö sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu,¹ hefur það hlutverk að annast móttöku og eyðingu á öllu sorpi og úrgangsefnum, sem til falla innan aðildarsveitarfélaga.² Bæði Fura og Hringrás eru hins vegar fyrirtæki sem starfa við söfnun, móttöku og endurvinnslu á brotamálmi. Að mati samkeppnisráðs verður að telja að sá samningur sem hér um ræðir sé nokkuð sérstakur að því leyti að hann gerir ekki ráð fyrir endurgjaldi í peningum og gildir það fyrir báða aðila. Augljóst er þó að af Sorpu hálfu felast hagsmunir í því að samningurinn er liður í að uppfylla þá skyldu sem fyrirtækinu eru lagðar á herðar um að annast móttöku og eyðingu á öllu sorpi sem til fellur hjá aðildarsveitarfélögunum, þ.m.t. brotamálmi. Það má hins vegar ætla að hagsmunir Furu séu fólgnir í því að um er að ræða hagkvæman kost við öflun á hráefni.

Eins og áður hefur komið fram telur Hringrás að samningur Sorpu og Furu veiti hinum síðarnefndu yfirburðarstöðu á þeim markaði sem fyrirtækin starfi á, þ.e. móttöku á brotamálmi til endurvinnslu. Vegna samningsins sé fyrirtækinu m.a. kleift að yfirbjóða Hringrás við kaup á brotamálmi, s.s. bílflökum frá öðrum aðilum. Þá útiloki samningurinn að Hringrás geti fengið keyptann stórann hluta af þeim brotamálmi sem til falli á höfuðborgarsvæðinu. Með vísan til þessara atriða óskar kvartandi eftir því að fá úr því skorið hvort samningurinn stangist á við samkeppnislög og hvort hægt sé að fá honum rift á grundvelli laganna.

Samningar af þeim toga sem mál þetta fjallar um og gerðir eru af opinberu fyrirtæki í stöðu Sorpu geta komið til skoðunar á grundvelli 10., 11. og b-liðar 17. gr. samkeppnislaga, eftir atvikum hverju sinni. Með hliðsjón af öllum atvikum málsins er að mati samkeppnisráðs eðlilegt að taka samninginn til athugunar á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga. Áður en samkeppnisleg áhrif samningsins eru metin er að mati samkeppnisráðs rétt að afmarka það svið viðskipta sem hann tekur til, þ.e. skilgreina viðeigandi samkeppnismarkað.

4.

Samkvæmt 4. gr. samkeppnislaga er markaður sölusvæði vöru og staðgönguvöru og/eða sölusvæði þjónustu og staðgönguþjónustu. Staðgönguvara og staðgönguþjónusta er vara eða þjónusta sem að fullu eða verulegu leyti getur komið í stað annarrar. Við mat á því hvort þjónusta getur að fullu eða að verulegu leyti komið í stað annarrar er m.a. unnt að líta til þess hvort notendur telja viðkomandi þjónustu jafngilda eða hliðstæða vegna eðlis eða einkenna, verðs, fyrirhugaðrar notkunar eða annars sem máli skiptir við skilgreiningu á markaðnum. Hagfræðileg rök leiða til þess

¹ Þau aðildarsveitarfélög sem um er að ræða eru Reykjavík, Kópavogur, Garðabær, Bessastaðahreppur, Kópavogur, Seltjarnarnes og Mosfellsbær.

² Sbr. 2. gr. endurskoðaðs og endurútgefins stofnsamnings Sorpu frá maí 1998.

að líta verður á viðkomandi markað frá tveimur sjónarhornum, annars vegar vöru- og/eða þjónustumarkaðnum og hins vegar landfræðilega markaðnum.

Sá vöru- og þjónustumarkaður sem umræddur samningur hefur áhrif á er að mati samkeppnisráðs söfnun, móttaka og endurvinnsla á brotajárni til útflutnings, s.s. bílflökum og öðrum úrgangsmálmi sem til fellur hjá einstaklingum og við atvinnurekstur fyrirtækja og stofnana. Rétt er þó að taka fram að þær aðferðir sem fyrirtæki á þessu sviði nota við endurvinnslu brotajárns eru mismunandi, bæði eftir fyrirtækjum og hvaða málmtegundir um er að ræða. Að mati ráðsins skiptir það ekki máli vegna þess að samningurinn hefur einungis áhrif á þann hluta í rekstri fyrirtækjanna sem lýtur að hráefnisöflun þeirra.

Með landfræðilegum markaði er í samkeppnisrétti almennt átt við það svæði þar sem hlutaðeigandi fyrirtæki taka þátt í viðskiptum með vörur eða þjónustu og samkeppnisaðstæður eru svo líkar innbyrðis að hægt er að greina markaðinn frá nærliggjandi svæðum. Að mati samkeppnisráðs er ekki ástæða til að greina landfræðilegan markað í máli þessu eftir ákveðnum svæðum þar sem fyrirtæki sem sinna söfnun og vinnslu á brotajárni afla þess alls staðar að af landinu. Þá er ekki um það að ræða að brotajárn sé flutt erlendis frá til endurvinnslu hér á landi. Að mati samkeppnisráðs er því landfræðilegur markaður í máli þessu landið allt, Ísland.

5.

Að mati samkeppnisráðs eru aðeins tvö fyrirtæki hér á landi, þ.e. Fura og Hringrás, sem koma til greina sem hugsanlegir keppinautar um vinnslu á því magni af brotamálmi sem fellur til hjá Sorpu og öðrum stærri sveitarfélögum. Nokkur önnur fyrirtæki sinna þó einnig móttöku á einstökum tegundum brotamálma en ekkert þeirra býr yfir tækjabúnaði sem gerir þeim kleift að annast móttöku og endurvinnslu á því magni brotajárns sem hér er til umföllunar. Við mat á samkeppnislegum áhrifum samninganna kemur því aðeins til álita að mati samkeppnisráðs að bera umfang þeirra saman við heildarumsvif umræddra fyrirtækja á markaðnum.

Til að meta samkeppnisleg áhrif samningsins aflaði Samkeppnisstofnun upplýsinga frá Furu og Hringrás um það heildarmagn af brotamálmi sem fyrirtækin hefðu mótttekið til endurvinnslu á árunum 1999 og 2000. Þá aflaði stofnunin einnig upplýsinga um það magn af brotamálmi sem fyrirtækin fengu afhent frá Sorpu (Fura) og öðrum sveitarfélögum (Hringrás) á umræddu árabili.

Samkvæmt upplýsingum frá fyrirtækjunum fyrir árið 2000 tók Hringrás á móti [...]³ tonnum af brotajárni það ár. Fura tók hins vegar á móti [...]⁴ tonni en þar af nam hlutur þess magns sem Sorpa afhenti fyrirtækinu 5.561 tonni. Ef hins vegar er miðað

³ Fellt út vegna trúnaðar.

⁴ Fellt út vegna trúnaðar.

við árið 1999 var hlutdeild Hringrásar [...] ⁵ tonn en Furu [...] ⁶ tonn. Hlutur Sorpu af því magni sem Fura tók á móti var 4.586 tonn það ár. Til samanburðar nam það magn af brotamálmum sem Hringrás tók til vinnslu á sama tímabili frá hinum ýmsu sveitarfélögum á umræddu árabili frá 100–200 tonnum í það að vera 1.200–1.300 tonn á ársgrundvelli.

Í ljósi framanritaðs má vera ljóst að það magn sem Sorpa afhenti Furu árið 2000, þ.e. 5.561 tonn er 15–20% af öllu brotajárni sem fyrirtækið tók til endurvinnslu það ár. Árið 1999 var hlutfallið svipað. Ef miðað er við heildarmarkaðinn, þ.e. það magn sem bæði Fura og Hringrás tóku á móti er hlutur þess sem fellur til hjá Sorpu um 10–15%, svipað fyrir bæði árin. Hlutur þess magns sem Hringrás hefur hins vegar fengið frá hverju og einu sveitarfélagi er eins og fyrr segir misjafn en er almennt um 0–4% af heildarmarkaðnum.

Samkvæmt upplýsingum Samkeppnisstofnunar frá málsaðilum virðist misjafnt hvort fyrirtækin greiði fyrir þann brotamálm sem berst til þeirra. Í máli Furu kemur fram að fyrirtækin greiði ekki fyrir brotajárn en gámafyrirtækjum sé greidd lítils háttar þóknun fyrir flutning á því til fyrirtækisins. Þó sé greitt sérstaklega fyrir góðmálma eins og ál og kopar. Hvað varðar það brotajárn sem Sorpa afhenti Furu upplýsti Sorpa að kostnaður fyrirtækisins vegna þess magns hefði verið sem nemur um 1.400–1.700 krónum fyrir hvert tonn. Hringrás metur það svo að fyrirtækið greiði að jafnaði um 500–1.000 krónum að meðtöldum flutningskostnaði fyrir hvert tonn sem berst á athafnasvæði þess í Reykjavík. Nettó flutningskostnaður vegna þess brotajárns sem unnið sé á landsbyggðinni með færanlegri endurvinnslustöð sé sambærilegur, þ.e. þegar búið sé að draga frá þá upphæð frá sem sveitarfélögin greiði Hringrás fyrir móttöku á brotajárninu.

Það er mat samkeppnisráðs að samningur Sorpu og Furu um að Furu sé afhent allt brotajárn sem til falli hjá sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu án þess að flutningskostnaður sé greiddur sé til þess fallinn að veita fyrirtækinu umtalsvert samkeppnislegt forskot á þeim markaði sem um ræðir. Samkeppnisráð getur því fallist á það með kvartanda að þeir samkeppnislegu yfirburðir sem samningurinn veitir Furu geri því auðveldara um vik við öflun á brotajárni annars staðar frá. Einnig er að mati ráðsins ljóst að með samningnum eru bæði Hringrás og öðrum hugsanlegum keppinautum á markaðnum sett takmörk við hráefnisöflun.

6.

Eins og getið var um hér að framan heyrir það ekki undir samkeppnisyfirlöngum að meta hvort opinberum fyrirtækjum og stofnunum sé skylt samkvæmt lögum að efna til útboðs áður en gengið er til samninga um tiltekin viðskipti. Það er hins vegar álit

⁵ Fellt út vegna trúnaðar.

⁶ Fellt út vegna trúnaðar.

samkeppnisráðs að sérstaklega rík skylda hvíli á sveitarfélögum og öðrum opinberum aðilum við kaup á vöru og þjónustu að reyna að stuðla að því að efla virka samkeppni. Að mati ráðsins verður því markmiði samkeppnislaga best náð ef sveitarfélög nota útboðsleiðina við kaup sín á vöru og þjónustu og/eða við gerð viðskiptasamninga.⁷

Með vísan til b-liðar 17. gr. samkeppnislaga getur samkeppnisráð gripið til aðgerða gegn athöfnum opinberra aðila að því marki sem þær kunna að hafa skaðleg áhrif á samkeppni að því tilskildu þó að sérlög hafi ekki að geyma sérstakar reglur um heimild eða skyldu til slíkra athafna. Að mati ráðsins er það grundvallaratriði að aðilar standi sem jafnast að vígi á þeim samkeppnismarkaði sem um ræðir og að þeir hafi sem jöfnust tækifæri. Eins og rakið hefur verið hér að framan er það mat samkeppnisráðs að umræddur samningur raski samkeppni á hinum skilgreinda markaði. Samningurinn felur það í sér að opinbert fyrirtæki gerir viðskiptasamning við annað fyrirtæki sem starfar á samkeppnismarkaði um að sjá því fyrir hráefni til rekstrar án þess að endurgjald komi fyrir. Að mati samkeppnisráðs skeykir því samningurinn samkeppnisstöðu annarra keppinauta á markaðnum og hefur því skaðleg áhrif á samkeppni í skilningi samkeppnislaga, sbr. b-lið 17. gr. laganna. Þar sem um er að ræða samkeppnishindrun af hálfu opinbers aðila kemur því að mati samkeppnisráðs til álita að ógilda samninginn á grundvelli umrædds lagaákvæðis.

Í máli Sorpu hefur komið fram að samningnum við Furu hafi verið sagt upp frá og með nk. áramótum. Eftir það verði efnt til útboðs um móttöku á þeim brotamálmi sem til fellur hjá Sorpu og nýr samningur gerður sem gilda muni frá upphafi ársins 2003. Í ljósi þessa og með vísan til þess að skammt er eftir af gildistíma samningsins svo og með hliðsjón af aðdraganda hans telur samkeppnisráð ekki að svo stöddu ástæðu til íhlutunar vegna samnings Sorpu og Furu. Eins og áður segir er það mat samkeppnisráðs að útboð á samningi eins og þeim sem að hér um ræðir sé best til þess fallið að koma í veg fyrir röskun á samkeppni eins og sýnt hefur verið fram á í þessu máli. Því mun samkeppnisráð taka ákvörðun þessa til endurskoðunar verði ekki efnt til útboðs vegna nýs samnings með gildistöku í síðasta lagi frá 1. janúar 2003. Yrði málið einnig athugað á grundvelli 11. gr. samkeppnislaga.

III.

Ákvörðunarorð:

„Ekki eru tilefni til íhlutunar samkeppnisráðs í máli þessu.“

⁷ Sambærileg sjónarmið voru sett fram í ákvörðun samkeppnisráðs nr. 7/2001, *Erindi Landssíma Íslands hf. vegna samnings Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur við Línu.Net ehf.*